

Mánudaginn 14. okt. 1918.

Nr. 23/1918.

Kristinn Guðnason
 gegn
 Sigurði Sigurðssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Kristinn Guðnason bílstjóri, Grettisgötu 44 hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Sigurði Sigurðssyni járnsmið til heimilis í Ficherssundi 3 sömuleiðis hér í bænum og lauk því máli svo með dómi nefnds réttar uppkveðnum 19. apríl þ. á., að stefndi var sýknaður af kærum eg kröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Kristinn Guðnason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1 júní þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir bæjarþinginu, að stefndi verði dæmdur til að skila honum 2 »dekkum« og 3 slöngum af bifreiðarhjóli, greiða honum 200 kr. sem skaðabætur fyrir hald þessara muna með 5% ársvöxtum frá sáttakæru-degi til greiðsludags, og málskosnað fyrir undirrétti eftir réttarins mati, svo og að stefndi verði dæmdur til hegningar fyrir ólöglega sjálfstöku eftir 117. gr. hegningarlaganna. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirréttarins. — Stefndi krefst þess hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða ftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1916 seldi stefndi áfrýjanda Overland bifreið fyrir 4000 kr. Borgaði áfrýjandi 1000 kr. af andvirði hennar það ár, en næsta sumar varð það að samkomulagi milli málsaðilja að stefndi tæki aftur við bifreiðinni í því ástandi sem hún væri í og, að því er stefndi heldur fram, með öllu því er henni fylgdi og fylgja ætti. Þessu síðasta virðist áfrýjandi neita, en þegar litid er til þess að bifreiðinni var ekki skilað við það tækifæri heldur síðar, verður að álita að stefndi hafi haft ástæðu til að ganga út frá því, að bifreiðinni ætti að skila með öllu því er henni fylgdi, þótt ekki hafi það beinlínis verið tekið fram.

Þegar svo áfrýjandi skilaði bifreiðinni um miðjan ágúst 1917, kveður stefndi að muni þá hafi vantað, sem mál þetta er risið út af, auk fleiri smámuna, og áfrýjandi lofað að skila hlutum þessum við fyrsta tækifæri. Síðar um sumarið eða haustið hitti stefndi áfrýjanda með bifreið á götu hér í bænum með hina umræddu muni, og kveðst stefndi hafa heimtað þá af áfrýjanda, og farið með þá án þess að áfrýjandi hafi leyft það eða bannað, en áfrýjandi heldur því fram að hann hafi bannað stefnda að taka munina og hafa þá burt með sér. Áfrýjandi kannast við það, að 1 »dekk og 2 slöngur hafi vantað á bifreiðina af því, er henni fylgdi upphaflega, en hann heldur því fram að stefndi hafi ekkert tilkall átt til hinna umræddu muna, með því að þótt svo yrði litid á, að bifreiðinni hefði átt að skila með því, er henni fylgdi, þá hafi það ekki náð til umræddra muna, því að þeir hafi ekki fylgt henni, er hann fékk hana

hjá stefnda, heldur hafi hann keypt þá eftir að hann eignaðist hana, og hefir hann þessu til sönnunar lagt fram 2 reikninga til sín frá árinu 1916 yfir 2 »dekk« og 2 bifreiðarhjólalöngur. — Að því er þetta atriði snertir er ekkert upplýst um það af hálfu áfrýjanda, að hann, er hann keypti umrædda muni, hafi átt eða ráðið yfir annari bifreið en þeirri, er hann keyfti af stefnda, og verður þá að gera ráð fyrir að hlutir þessir hafi verið keyptir til hennar og fylgt henni, og átti þá stefndi tilkall til þeirra.

Hvað hitt atriðið snertir, hefir áfrýjandi hér fyrir réttinum leitast við að sanna, að hann hafi bannað stefnda að taka og hafa á burt með sér umrædda muni, og hefir í því skyni leitt mann þann sem vitni, er var með honum í bifreiðinni í umgætið skifti, og hefir vitni þetta borið að orð áfrýjanda hafi fallið á þá leið, að hann (stefndi) réði því hvort hann tæki munina, en af tóninum hafi vitnið ráðið, að þetta væri meint sem mótmæli, en ekki að hann léti þá góðfúslega af hendi, en þar sem mótmæli áfrýjanda ekki voru ákveðnari, verður ekki álitnið að stefndi hafi gert sig sekann um ólöglega sjálfstöku, er hann hafði hina umræddu muni á brott með sér

Samkvæmt því sem nú er sagt, ber að sýkna stefnda í málinu og staðfesta bæjarþingsdóminn að því leyti. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir báðum réttum og ákveðst hann 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Sýknuákvæði hins áfrýjaða bæjarþingsdóms skal vera óraskað. Áfrýjandi Kristinn Guðnason greiði stefnda Sigurði Sigurðssyni 60 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri laga-aðför.

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

Nr. 47/1918.

Oddur Gíslason
gegn
Erasmusi Gíslasyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Erasmusi Gíslasyni kaupmanni í Reykjavík, út af meiðyrðum í sóknarskjölum, er stefndi lagði fram í yfirdómi 15. janúar, 12. febrúar, 5. marz, 18. júní og 2. júlí f. á. í máli, er hann höfðaði gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, en áfrýjandi var málfærslumaður verjanda í því máli. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 14. marz þ. á., var stefndi, samkvæmt 217. gr. hinna almennu hegningarlaga dæmdur í 100 kr. sekt til landsjóðs, en til vara, ef sektin yrði eigi greidd á réttan gjald-